

Þorgeirsbolinn í lífi hennar.

var ekki ánægjulegur á meðan á honum stóð, en hann hefur orðið mér hugstæður síðar: Við vorum fimm saman í fjallaferð og villtumst í niðdimmri þoku á Skerslunum við Jarlhettur. Sú villa stóð meiripart dags; þá lyfti þokunni líkt og tjald væri dregið frá og við ætluðum varla að þekkja okkar hvunndagslega umhverfi. Í myndinni læt ég okkur svífa í lausu lofti. Þannig var tilfinningin."

Á sýningunni sem Gísli opnar á Kjarvalsstöðum í dag birtist okkur þó ekki fjöll eða berangur – ekkert landslag, nema ef vera skyldi það stórbrotna landslag sem er innan í hverjum manni. Vitund hans er oftar en ekki tvískipt; hann er það sem sýnist og líka allt hitt, sem aldrei sést: Minningarnar, reynslan og arfleifðin.

„Mér finnst ég lifa í tveimur ólíkum heimum," segir Gísli. „Það eru annars vegar þessar fortíðarrætur í sveitasamfélagi kreppu- og stríðsáranna og sem ég nota dálítið í myndum mínum. Hinsvegar er það nútíminn og það líf sem við lifum núna.

Þegar ég tala um nútímann á ég einnig við áhrif frá myndlist, bæði hér heima og erlendis. Mig langar til að nýta mér það sem ég hef upplifað í þessum tveimur heimum sem eru svo gerólíkir – en við þá bætist okkar eldforni bókmenntaarfur, bæði Völuspá og Sólarljóð."

Eru myndirnar þá að einhverju leyti endurminningar?

„Nei, þær eru byggðar á minningum. Það er að segja, myndirnar eru túlkun mín á minningunum. Ég geri líka mikið af því að túlka hugmyndir í myndum mínum – bæði sálfræðilegar hugmyndir og aðrar. Fyrir mér er hlutverk myndlistarinnar að túlka; túlka samfélagið, túlka fortíðna og túlka hugmyndir."

Hvað með þína hugmyndafræði?

„Mín hugmyndafræði byggir, í fáum orðum sagt á því, að ég á rætur í íslenskum jarðvegi og þaðan koma mín föng að mestu leyti. Enginn getur hinsvegar verið óháður sjálfri listasögunni eða samtímanum. Maður vinnur úr þeim safa, sem þessar rætur skila. Sumt snertir landið, sumt fólkið í landinu fyrr og nú, söguna og bókmenntirnar. En það liggur í hlutarins eðli, að myndlist af þessu tagi verður frásagnarleg, og ekkert er rangt við það. En hún getur og verður að vera skáldskaparleg um leið. Þá er komið á lendur fantasíunnar, þar sem bæði er hátt til lofts og vítt til veggja. Skáldskaparlaus mynd getur hinsvegar einungis valdið mér leiða."

Ég er nær alveg hættur að fást við hið svokallaða mótífmálverk. Það er, að byggja á ákveðinni fyrirmynd og mála eftir henni, hvort heldur það er uppstilling, fjall eða gata í bæ. Undantekning frá þeirri reglu eru þó portret, sem eru vitaskuld mótífmálverk með algerri sérstöðu og byggjast á mannlega þættinum í hverju verki. Á þessari sýningu er eitt portret; það er af Jóhanni Kolbeinssyni, fjallkóngi Gnúpverja um áratugi. Hann var eftirminnilegur og sérstæður eins og öræfin, sem voru ríki hans.


Að minni hyggju skiptir sköpum að myndlistarverk hafi andlegt inntak. Myndlistin er líka miðill og hún þarf að geta miðlað þessu andlega inntaki. Ég vil gera þá kröfu til mín að mynd veki til umhugsunar og að hún miðli einhverju andlegu inntaki og að það sé alveg „læsilegt" af myndinni. Ef ég reyni að túlka ákveðna kennd, þá vil ég að einmitt sú kennd komist til skila – en ekki eitthvað annað. Samt er hægt að skilja heilmikið eftir fyrir hugarflug áhorfandans."

Þú leitar fanga í mjög miklum andstæðum; nútíðarborgarsamfélagi og gömlu, grónu sveitasamfélagi. Álítur þú að borgarbarn nútímans eigi auðvelt með að skilja náttúruna og sveitalífið til hlítar?

„Nei, eiginlega ekki. Og ég held að þetta gamla sveitalíf sé eins fjarlægt nútímamanninum og Egils saga; það er að segja, það sem ég kalla gjarnan hestaverkfæraöldina.

En mér finnst mjög gaman að hafa lifað þennan tíma og finnst skemmtilegt að segja frá honum í myndum. Þó geri ég mjög lítið af því á þessari sýningu. Myndirnar á henni snúast mest um sálfræði. Sumar fjalla bæði um sálrænt ástand og spurninguna um að lifa af á Íslandi, til dæmis það að lifa af veturinn. Í myndum um vetrarkvíða er þessi óskaplega langa bið eftir vorinu sem ætlar aldrei að koma – svo þegar það kemur verður það oftast nær ekki annað en framlengdur vetur. Svo eru sumar myndirnar af þessu tagi hrein allegória, eða táknmyndir um lífið hér á klakanum. Það líf er mér jafn hugleikið og sú snilld sem forfeður okkar skildu eftir sig, bæði í Völuspá og Sólarljóðum. – Því það er fyrst og fremst þessi tilvera manneskjunnar sem ég hef áhuga á, sama hvert ég leita – í nútíð, ævisku eða arfleifð."

Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir



Pétur Gunnarsson Morgunblaðið/Einar Falur

isboðum. Þá rekur sögumaður augun í að þetta raunverulega fólk verður svo þvingað og óeðlilegt á filmu; heldur fyrir andlitið og hleypur úr myndrammanum. En aftur á móti er tilbúna fólkið í kvikmyndunum svo eðlilegt, að sögumaðurinn gælir við að skipa atvinnuleikara í hlutverk hversdagsfólksins umhverfis hann. Síðan eru líka vangaveltur um aðalhlutverkið; í kvikmyndum er alltaf einn sem fer með það, en í raunveruleikanum gengur það svo illa, margir gera tilkall til þess og af því spretta togstreita, óánægja og hremmingar."

Myndir eru miðlægar í sögunni

Svo er faðir sögumannsins áhugaljósmyndari. Á sama hátt ert þú svo myndrænn rithöfundur, byggir mikið á myndum.

„Já, myndrænan næstum því sérkennir þessa bók – en málverk eitt mikið er í húsinu og mótar íbúa þess – svo myndir eru mjög miðlægar í Hversdagshöllinni. Hún hefði þessvegna getað heitið Myndasaga."

Og hún er lýrísk.

„Það er ekki laust við að það sé keppikefli mitt í þessari bók að reyna að láta setningarnar líkjast því sem þær eru að lýsa. Ég hugsa að þessi tilfinning um ljóðrænu geti sprottið af þessari tilraun til innlifunar, sem gætir einmitt oft í ljóðum eða í ljóðrænum stíl. Þá er eins og sá sem heldur á pennanum renni saman við viðfangsefnið. Þegar fjallað er um eitthvað sorglegt eiga setningarnar að smita frá sér sorginni, og setningar um gleði eiga að smita gleði. Þetta er markmið sem ég mæni til."

Punkturinn kom út 1976, og með honum breyttust áherslur í íslenskum bókmenntum, formið skipti meira máli og húmorinn. Þú varðst metsöluhöfundur, er ekki ákveðin pressa á þér að fylgja velgengni fyrstu bókanna eftir?

„Ég hef alltaf þrætt fyrir það, og meðvitað er það ekki, en auðvitað ómeðvitað. Það væri tilfinningalaus maður sem ekki tæki mið af því andrúmslofti sem hann hrærist í. Ég er ekki frá því að mér hafi fundist þessi kvöð hvíla á mér með fyrstu sögurnar, að þær yrðu að ganga vel, en ég held að ég hafi losnað frá þesari tilfinningu með Sögunni allri. Þá hafði ég sjálfur gefið út Persónur og leikendur, sem hafði gengið mjög vel, og eftir það urðu einhver vatnaskil í minni afstöðu, þetta hætti að skipta eins miklu máli hvernig sölutölurnar litu út. Mig langaði að skrifa góða bók og það varð keppikeflið."

Eins og að hlaupa maraþon

Menn hafa talað um að skáldsagan á Íslandi hafi breyst mikið á síðustu árum, til dæmis frá því að Punkturinn kom út.

„Ég held að eðli málsins samkvæmt verði skáldsagan að vera í stöðugri breytiþróun. Rithöfundur stendur alltaf frammi fyrir því að ótal aðrir höfundar hafi fjallað um sama yrkisefnið, og hann verður að marka sérstöðu á einhvern hátt. Hann getur ekki skrifað sömu bók og einhver annan skrifaði á undan. Höfundur verður því að finna sinn stíl og sinn tón, brjóta til mergjar vandamál þar að lútandi – þannig að það kemur mér ekkert á óvart að skáldsögur í dag séu ólíkar sögum sem voru skrifaðar fyrir fjórtán árum. Nákvæmlega eins og skáldsögurnar fyrir fjórtán árum voru gjörólíkar sögunum þar á undan."

Það er áberandi að höfundar byrja gjarnan sem ljóðskáld.

„Einmitt, sjálfur gaf ég fyrst út ljóðabók. Byrjandi fer ógjarnan strax í skáldsögu. Hann æfir sig áður á einhverju þar sem niðurstaðan er fyrr fengin; ljóðum eða smásögum, sem hægt er að virða fyrir sér sem heild, á meðan skáldsaga er margra ára vinna. Þetta er eins og að hlaupa maraþon, fyrst þarf að taka stutta spretti á æfingum! Ég lít því á þetta sem æfingaferli, plús það að ungdómsár fela í sér reynslu sem á margan hátt hentar fyrir ljóðið. Ég er ekki að meina að síðan þynnist allt út, og prósinn sé eitthvað ómerkilegri en ljóðið. Alls ekki. Skáldsagan var alltaf markmiðið hjá mér og ég þurfti að æfa mig fyrir hana."

Viðtal: Einar Falur Ingólfsson